

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 11.11. 2021

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegur 29B, kl 11:00.

Mættir: Haukur Már Haraldsson, Grímur Kolbeinsson, Heimir Örn Gunnarsson, Tryggvi Þór Agnarsson og Katrín Jónsdóttir. **Forföll:** Hjörtur Guðnason.

Dagskrá fundar:

1. Staðan í Skálholti
- 2.. Fjármálin
3. Önnur mál.

1. Skálholti.

Von er á skýrslu staðarhaldara um stöðu mála í Skálholti. Framkvæmdir eru að fara gang eftir rólegt sumar. Nýlokið er framkvæmda fundi þar sem allir framkvæmdaaðilar hittust og skipulögðu framhaldið. Ljóst er að opnun sýningar á staðnum verður varla fyrr en á vordögum.

2. Fjármál.

Staða fjármála er góð. Sent hefur verið þakkarbréf til Heidelberger Druckmaschinen AG, vegna veitts styrks. Nú er að fara í gang söfnunarátak hjá fyrirtækjum og stofnunum. Samtök Sunnlenskar sveitafélaga (SASS) hafa samþykkt styrk til Prentsöguseturs vegna smíði sýningarskápa og -borða vegna sýningarinnar í Skálholti.

3. Önnur mál.

- a) Rætt var um að bjóða Ágústi Guðjónssyni að vera áheyrnarfulltrúi á stjórnarfundum, með tillögurétt en án atkvæðisréttar.
- b) Katrín er að leita að lausaletri sem gætu verið í krakkahorni á sýningunni.
- c) Stjórnin þakkar Sonju Magnúsdóttur fyrir aðstoð við að snara bréfaskiptum við Heidelberg yfir á þýsku.

Fundi slitið 11:55

Grímur Kolbeinsson, ritari